

Reykjavík, 4.janúar 2023

Þú munt þreyta verklegt próf í **Borgarholtskóla** og ert beðinn að mæta þar samkvæmt dagskrá hér að neðan.

Sveinspróf í vélvirkjun fer fram dagana 10 til 22. febrúar n.k.

Skriflegt próf fer fram þann 110. febrúar og hefst kl. 16⁰⁰. Að morgni 11. febrúar hefst verklegt próf og varir frá kl. 08⁰⁰ til kl. 18⁰⁰ með matarhléi frá kl. 12⁰⁰ til 13⁰⁰ báða dagana, 11. og 12. febrúar.

Skriflegt próf verður haldið í Tækkniskólanum við Háteigsveg, hátíðarsal.

Kynning á tækjum skólans

Kynning á tækjum skólans verður í umsjón Ellerts og Jóhanns, fimmtudaginn 9. febrúar frá kl. 18⁰⁰ – 21⁰⁰.

Priggja tíma kynning í skólunum er innifalin í prófgjöldunum. Allur annar aukaundirbúnings-tími greiðist af próftakanum sjálfum eða meistara hans.

Sveinspróf í vélvirkjun

Sveinspróf í vélvirkjun er skipt upp í fjóra þætti: skriflegt próf, smíðaverkefni, bilanaleitar verkefni, slitmælingar verkefni, suðuverkefni, frágang smíðaverkefnis og vinnuhraða við smíðaverkefnið, hver þáttur er metinn sérstaklega. Próftaki þarf að standast í öllum þáttum prófsins til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum af fjórum þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

Skriflegt próf, 2 klst.

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er úr í prófinu eru: vélar, loft og vökvakerfi, frystikerfi, öryggisfræði, suða og lóðningar, verkáætlanir og almennar spurningar.

Próftakar mega hafa með sér allar þær handbækur sem þeir vilja en ekki má vera búið að skrifa inní þær auka upplýsingar.

Einnig mega próftakar hafa með sér reiknivél án innritaðra aukagagna.

Ein einkunn er gefin fyrir skriflega prófið og stendur hún sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu.

Smíðaverkefni

Smíðaverkefnið er oft lítið vélastykki þar sem látið er reyna á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð handverkfæra, mælitækja, lestar teikninga og vélavinnu t.d. allslags spóntökuvéla.

Hvert mál í smíðastykkini hefur fyrirfram ákveðið vægi. Fari próftaki út fyrir gefin vikmörk er gefið 0 fyrir málið. Sum mál sem eru afgerandi fyrir virkni stykkisins geta vegið allt að 30%.

Smíðaeinkunnin vegur 45% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Frágangur og útlit stykkisins vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

Bilanaleit

Prófað er í bilanaleit í díselvél þar sem sett er inn bilun sem próftakinn á að finna, framkvæma viðgerð á og gera stutta skýrslu um það.

Einkunn fyrir vélaverkefni vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

Slitmæling

Prófað er í slitmælingu, þar sem próftakinn á að mæla ýmsa hluti í díselvél, meta hvort þeir séu í lagi eða hvort skipta þurfi um þá og gera stutta skýrslu um það. Stuðst er við viðgerðabækur við verkefnið.

Einkunn í slitmælingarverkefni vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

Suðuverkefni

Prófað er í flestum algengum suðuaðferðum á járni, kopar, áli, steypujárni og ryðfríu stáli ásamt kveikingu. Einnig er prófað í logskurði, skurður skal vera HANDSKORINN. Prófað er eftir stöðlunum ÍST EN 5817 samkvæmt D klasa og ÍST EN 287-1. Próftökum er bent á að kynna sér staðhana vel þar sem ekki verða teikningar af stykkjunum heldur farið eftir þeim málum, suðustellingum og öðru sem fram kemur í stöðlunum. Eingöngu verða gefnir út suðuferlar (skriflegar leiðbeiningar) varðandi suðuprófið.

Um mat á suðuverkefninu fer eins og segir til í staðlinum ÍST EN 5817 samkvæmt D klasa.

Einkunn í suðuverkefni vegur 25% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 3 klst. til þess að klára verkefnið.

Vinnuhraði

Gefið er fyrir vinnuhraða. Vinnuhraða einkunnin metin þannig að þeir nemendur sem fá 6,5 eða hærra fyrir smíðaverkefnið hafa möguleika á að fá hærri einkunn en 5 í vinnuhraða. Vinnuhraðinn er metinn út frá því að sá sem er með stystan tíma fær 10 og því næst fá hinir í hlutfalli við það.

Einkunn fyrir vinnuhraða stendur sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu.

Prófsýning

Prófsýning verður auglýst síðar.

Eftir prófsýninguna verður prófið fáanlegt á netinu á slóðinni www.idan.is/sveinsprof. Einnig eru gömul próf á sömu slóð próftökum til upplýsingar.

Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.

Sveinsprófsnefnd í vélvirkjun,

Sighvatur Friðriksson, formaður

Vignir Eyþórsson, prófnefndarmaður

Styrmir Petersen, prófnefndarmaður